



Stjórn Landspítala

Fundargerð

Fundur boðaður	19. apríl 2024 kl. 12:30-15:00
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	21
Viðstaddir	<u>Stjórn</u> : Sólrún Kristjánsdóttir, varaformaður, Gunnar Ágúst Beinteinsson, staðgengill forstjóra, Höskuldur H. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Ingileif Jónsdóttir.
<u>Áheyrnarfulltrúar starfsmanna</u> :	Erla Björg Birgisdóttir
<u>Aðrir</u> :	Þórunn Oddný Steinsdóttir, skrifstofustjóri.
Fjarverandi:	Björn Zoéga, formaður stjórnar, Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala, Marta Jóns- og Hjördísardóttir, Örvar Gunnarsson
Gestir:	Jón Hilmar Friðriksson, Hlíf Steingrímsdóttir, Hulda Harðardóttir, Guðrún Gylfadóttir.
Fundarstjóri:	Sólrún Kristjánsdóttir, varaformaður
Fundarritari:	Þórunn Oddný Steinsdóttir

Dagskrá

1. Fundargerð

Fundargerð marsfundar samþykkt.

Skýrsla forstjóra

Breytingar á stjórnskipulagi í framlínu kynntar. Áhersla lögð á að taka vel á móti nýjum stjórnendum og liður í því var að halda vinnustofu með þeim tilgangi að; kynnast betur og þetta raðirnar, tryggja skilning á megintilgangi skipulagsbreytinga, efla leiðtoga- og stjórnunarfærni og sameinast um lykiláherslur 2025. Áréttað að nýju forstöðumannalagi er ætlað að starfa með ólíkum hætti samanborið við fyrra forstöðumannalag. Nýir forstöðumenn eru stjórnendur í framlínu og er ætlað að vinna náð með yfirlæknum og deildarstjórum klínískra deilda. Höfuðáherslan að valdefla og styrkja stjórnun í klínískri starfsemi spítalans.

Rætt um viðbrögð starfsmanna við breytingunum og mikilvægi þess að ná til starfsmanna varðandi áherslur skipuritsbreytinganna en forstjóri hefur ítrekað fjallað um hugmyndafræði breytinganna á starfsmannafundum og stjórnendafundum. Viðbrögðin frá stjórnendum sjálfum er að þeir hafi fengið skýra sýn á áherslurnar. Tekið fram að alltaf komi fram efasemdaraddir við breytingar sem þessar.

Fjallað um þætti sem ákvarða frammistöðu sjúkrahúsa, mikilvægi þess að samhæfa grundvallarþætti starfseminnar auk helstu framleiðni- og gæðavísa, atriði sem tengjast mannaúði og starfsmannastefnu og leiðum til að efla vísindastarf.

Staðgengill forstjóra fer yfir töluleg atriði sem tengjast stöðunni í starfseminni, m.a. þróun í meðalfjölda innlagðra sjúklinga sem biðu á hverjum tíma á bráðamóttöku í Fossvogi. Vonast er til að í lok þessa árs verði staðan orðin betri með tilkomu fleiri hjúkrunarrýma eða biðryma. Staðan varðandi nýtingu legurýma á Landspítala í janúar til mars kynnt en eins og áður er legurýmanýting vel yfir 100% á flestum sviðum, að undanskyldu kvenna- og barnasviði.

Stuttlega rætt um fjölmiðlaumfjöllun um alvarleg atvik og þróun í fjölda þeirra. Einnig fjallað um fjölmiðlaumfjöllun um kjaramál á spítalanum. Spítalinn hefur farið í ítarlega greiningu á launum sérfræðilækna á spítalanum og mun halda áfram þeirri greiningu til að tryggja samræmi þvert á stofnunina.

Húsnæðisverkefni kynnt en ráðast þarf í stór húsnæðisverkefni vegna rakaskemmda eða mylgu í húsnæði Blóðbankans og í B-álmú Kvennadeildar. Þá eru fyrirhugaðar endurbætur á Kleppi og Landakoti. Talið er að þörf sé fyrir endurskoðun á húsnæði og tækjapörf Landspítala fram að flutningi í nýjar byggingar við Hringbraut en einkum er skortur á húsnæði fyrir eftirtalda starfsemi; bráðamóttöku Fossvogi, bráðalegudeildarþjónustu og göngu- og dagdeildarþjónustu, m.a. krabbameinsþjónustu, nýrnaskilun og myndstýrð inngrip. Vinna stendur yfir í samráði við NLSH og heilbrigðisráðuneytið.

Fjármál

Farið yfir drög að bráðabirgðauppjöri fyrir marsmánuð, en staðan er svipuð og verið hefur, þ.e. föst laun, vaktaálag og vaktahvati koma jákvætt út en breytilegrar yfirvinna á móti meiri sem veldur neikvæðri stöðu á þeim lið. Lagt verður upp með ítarlegri fjármálagreiningu á næsta stjórnarfundum.

Staðan í þjónustutengdri fjármögnun einnig kynnt og stendur svipað og á síðasta fundi. Einnig fjallað um fjármálaáætlun 2025-2029 en ljóst er að fjárfestingaliðurinn hefur rýrnað verulega frá árinu 2018 eða um rúmar 800 m.kr.

Nýr Landspítali við Hringbraut

Jón Hilmar Friðriksson, forstöðumaður, kemur inn á fund.

Farið yfir stöðu hönnunar og framkvæmda, meðferðakjarna, rannsóknarhúss og Grensáss. Nú er verið að bjóða út vinnu rafmagns og lyftu fyrir vöruflæði sem verður notað á framkvæmdatímanum. Undirbúningur á útboði innanhússframkvæmda á 5. og 6. hæð stendur yfir. Uppsteypa í fullum gangi við rannsóknarhús og jarðvinna í gangi á Grensási sem og undirbúningur að endurnýjun eldra húsnæðis.

Rætt um tímasetningu afhendingar húsnæðisins sem áætluð er árið 2028 en í framhaldinu er umtalsverð vinna sem þarf að eiga sér stað áður en spítalinn flytur inn og verður í framhaldinu starfhæfur í húsnæðinu.

Rætt um stöðuna í svokölluðum áfanga 2 en unnið er með erlendum arkitektum og þeir nú að greina með hvaða hætti hægt væri að nýta Hringbrautarlóðina í seinni áfanga. Rætt um hvernig brúa megi bilið þar til hægt er að flyja inn í nýjan spítala og umfang þeirra verkefna sem til koma eftir að byggingarnar eru afhentar og þar til hægt er að flytja inn.

Bókun: Stjórn óskar eftir því að þegar kemur til ný verk- og kostnaðaráætlun í verkefninu verði unnin brúaráætlun um hvernig brúa megi þarfir spítalans fram að flutningi í nýtt húsnæði.

Jón Hilmar vikur af fundi.

Lyfjamál

Hlíf Steingrímsdóttir, formaður lyfjanefndar, Hulda Hjartardóttir og Guðrún Gylfadóttir koma inn á fund.

Lyfjanefndin og verkefni hennar kynnt sem og skipun í nefndina, markmið og fyrirkomulag vinnu nefndarinnar. Fjallað um þátttöku spítalans í ákvörðun um hvort lyf teljist leyfisskyld, en leyfisskyld lyf eru dýr og vandmeðfarin lyf sem krefjast sérfræðipækkingar og/eða aðkomu heilbrigðisstarfsfólks, hvort heldur er vegna gjafar, eftirlits með sjúklingi eða notkunar, og spítalinn sér um ráðstöfun þeirra fjárveitinga sem veittar eru þvert á landið fyrir slíkum lyfjum. Rætt um tegundir lyfja og kostnað í tengslum við leyfisskyld lyf. Einnig farið yfir fjölda umsókna og umfang árið 2023 en heildarfjöldi umsókna var 9533 á síðasta ári.

Farið yfir helstu áskoranir sem tengjast málaflokkinum en ný og mjög dýr lyf hafa verið að koma á markað, s.s. krabbameinslyf. Einnig farið yfir svokölluð ATMP-lyf (e. Advanced Therapy Medicinal Products) en þau hafa í för með sér byltingu í meðferð sjúklinga, t.d. tækni til að breyta erfðamengi sjúklinga, flóknar frumumeðferðir svo sem CAR-T frumumeðferðir og mjög dýrar meðferðir sem geta hugsanlega læknað áður ólæknandi sjúkdóma og eru í mörgum tilfellum bara gefin einu sinni. Tekið fram að Ísland sé mjög lítil markaður og því áhugi fyrirtækja á samningum oft takmarkaður.

Heilbrigðistæknimat eða svokallað HTA-mat rætt en skv. reglugerð Evrópusambandsins er skylt að gera HTA-mat fyrir innleiðingu nýrra krabbameinslyfja. Matinu fylgir mikil og ítarleg kostnaðarábatagreining sem krefst mikillar sérfræðikunnáttu. Ísland er nú formlega aðili að samnorrænu samstarfi um HTA sem kallast FINOSE, þar sem upphaflega var til samstarfsins stofnað af Finnlandi, Noregi og Svíþjóð en nú hafa Danmörk og Ísland bæst við. Líklegt að mikil tækifæri fylgi samstarfinu fyrir Ísland.

Farið yfir framkvæmd opinberra innkaupa á lyfjum. Talið er að ávinningurinn af slíkum innkaupum sé mikill á hverju ári.

Fjallað um norræna samvinnu í opinberum innkaupum á lyfjum en stefna stjórnvalda hefur lengi verið að efla samvinnu í opinberum innkaupum á lyfjum. Stefnan hefur verið *að útboð á lyfjum verði styrkt og bætt og leitað eftir samstarfi um sameiginleg útboð með öðrum þjóðum* sbr. lyfjastefna til 2022. Spítalinn er líka aðili að "Nordisk lægemiddel forum" (NLF) sem eru ekki formleg samtök heldur samstarfsvettvangur, en kostnaður vegna vinnu lendir að mestu á Amgros og Sykehusinnkjöp. Þá vinnur spítalinn að samnorrænum útboðum á eldri lyfjum í samvinnu við Noreg og Danmörku í gegnum NLF.

Farið yfir áskoranir og tækifæri í lyfjamálum en hröð þróun er í lyfjameðferðum og nánast öll ný lyf eru skilgreind sem leyfisskyld.

Fjallað stuttlega um áhrif smæðar íslensks lyfjamarkaðar á innkaup þar sem það hefur áhrif á samningsstöðuna og vilja lyfjafyrirtækja til að markaðssetja lyf á Íslandi.

Fjallað um fjárhagslið leyfisskyldra lyfja, hvernig umsjón þessa fjárlagaliðar hefur þróast frá árinu 2005 en umsýsla fjármagnsins hefur flust milli Tryggingastofnunar ríkisins, Landspítala og SÍ á þeim tíma og er nú hjá Landspítala og hefur verið frá árinu 2019. Kostnaður er rúmur 14 milljarðar á ári sem skiptist í þrennt, þ.e. sá hluti lyfja sem afgreiddur er úr lyfjabúð, lyf sem gefið er á Landspítala og lyf sem gefið er á öðrum heilbrigðisstofnunum. Fjallað um þróun kostnaðar og skiptingu milli lyfjaflokka og tækifæri í kostnaðaraðhaldi á sviði leyfisskyldra lyfja.

Hlíf, Guðrún og Hulda víkja af fundi.

Nýsköpun

Svava María Atladóttir kemur inn á fund

Farið yfir ferli stefnumótunar í nýsköpunarmálum en haldinn var stefnudagur þar sem ólíkir aðilar komu að vinnu við gerð stefnu um nýsköpunarmál á spítalanum. Á stefnudeginum kom skýrt fram að skortur væri á stefnu um nýsköpunarmál á Landspítala og að skýra þyrfti umgjörð um samstarf við ytri aðila. Einnig kom fram að þróunarumhverfi fyrir nýsköpunarverkefni vantaði. Í framhaldinu var unnin stefna um framtíðarsýn í nýsköpunarmálum á Landspítala þar sem fram kemur að Landspítali skuli vera miðstöð nýsköpunar, vísinda og menntunar á sviði heilbrigðisþjónustu og þróa sífellt nýjar lausnir til að mæta áskorunum samtímans. Spítalinn skuli einnig styðja við uppbyggingu snjallasta heilbrigðiskerfis í heimi, nýsköpunarstarf auki skilvirkni og sé uppspretta breytinga sem styðji við frambórun heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Þá segir að með skýrri stefnu, umgjörð og góðum starfsgrunni, öflugri kynningu og stuðningi við vöxt skapist tækifæri til nýsköpunar til gagnkvæms ávinnings spítalans og heilbrigðisgeirans í þágu sjúklinga.

Ferlar og tölfræði nýsköpunarmála kynntir og ræddir en áhersla lögð á að fjármagn skorti til frekari þróunar og árangurs á sviðinu.

Svava María víkur af fundi

Önnur mál

Styrkir og gjafasjóðir spítalans

Farið stuttlega yfir utanumhald og umfang styrkja og gjafasjóða til spítalans. Stjórn óskar eftir ítarlegri kynningu á næsta fundi þar sem einnig verði fjallað um hvernig önnur sjúkrahús erlendis haga slíkum málum.

Fundi slitið kl. 15:20